

Nd.

335. Frumvarp til laga

[196. mál]

um breyting á áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Í stað 2.—6. mgr. 4. gr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Um meðferð áfengis í skipi, er kemur frá útlöndum, vörslu þess eða innsíglun, fer samkvæmt ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt til samræmis við ákvæði í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit (118. mál). Er þar gert ráð fyrir að breytt verði reglum um meðferð varnings í skipum og öðrum farkostum er til landsins koma, þannig að ekki verði skylt að innsigla tollskyldan varning, sem er umfram það sem heimilt er að hafa til frjálsra afnota. Er þess í stað lögð á skipstjóra skylda til að setja slíkan varning undir lás, og afhenda tollgæslu skrá yfir varninginn. Með ákvæði 1. gr. er lagt til að um áfengi gildi sams konar reglur og um annan tollskyldan varning samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. ákvæði áður nefnds frumvarps um breytingu á 25. gr. þeirra laga.

Með 2. gr. þessa frumvarps er lagt til að fellt verði úr gildi sérákvæði 2. mgr. 6. gr. áfengislaga um víðáttu landhelgi. Er landhelgi þar ákveðin 4 sjómílur frá stórstraumsfjörobörði. Landhelgi samkvæmt lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og ákveðin með sama hætti. Með breytingunni verður landhelgin samkvæmt áfengislögum hin sama og ákveðin er í lögum nr. 41 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, þ. e. 12 sjómílur frá grunnlínu, sem dregin er milli ystu annesja, eyja og skerja og þvert fyrir mynni flóa og fjarða. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit er og gert ráð fyrir því að tollalögsagan fylgi landhelgi.